



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 8. maí 1985.

98. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skólanum mánudaginn 6. maí. Hófst hann kl. 17:00. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Eggert Ólafsson, Halldór Ingvason, Halldór Guðmundsson, Ingimundur Guðnason, Hreinn Ásgrímsson, Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, Hjálmar Árnason, settur aðstoðarskólameistari, Gísli Torfason, fulltrúi kennara, Edda Rós Karlsdóttir, fulltrúi nemenda ásamt Herði Björnssyni arkitekt skólans, sem sat fundinn á meðan fyrsti dagskrárliður var tekinn fyrir.

Formaður setti fund og óskaði Hjálmari til hamingju með setningu hans í starf skólameistara næsta skólaár.

1. Hörður Björnsson lagði fram teikningar að nýrri viðbótarálmú skólans sbr. 1. lið fundargerðar 95. fundar. Hér er um tillögu arkitektsins að ræða og voru allir fundarmenn á einu máli um að óska eftir athugasemdum og tillögum frá nemendum og starfsliði skólans áður en lengra verði haldið.
Skv. kostnaðaráætlun arkitektsins er kostnaður við grunn og gólfplötu um 4 milljónir, en húsið upp steipt með pappa á þaki u.þ.b. 15,5 milljónir. Grunnflötur hússins er um 1100 m².
Gert er ráð fyrir tveimur hæðum ásamt risi, eða samtals um 3.300 m².
2. Tillögur til fjárlaga 1986. Skólameistari fylgdi áætlun úr hlaði og útskýrði einstaka liði. Í áætluninni eru rekstrarliðir áætlaðir u.þ.b. 35 milljónir króna. Eignakaup á stærri tækjum eru að upphæð kr. 5 millj. Þá var samþykkt að fara fram á fjárveitingu til viðbyggingar að upphæð kr. 15,5 milljónir.
Nefndin fól formanni og skólameistara að senda ráðuneyti bréf varðandi þessi mál.
Samkvæmt áætlun um kaup stofnbúnaðar þarf skólinn 3.033 þús. kr. Rekstraráætlunin, annað en kennaralaun, er samtals að upphæð kr. 14.366 þús.
Áætlanir þessar voru samþykktar samhljóða.

3. Auglýsingar um kennarastöður: Fram kom að auglýsa þarf eftir kennurum til að annast kennslu í frönsku, íslensku, viðskiptagreinum, stærðfræði, tölvufræði og rafmagnsgreinum. Eftirtaldir kennarar hafa óskað eftir endurráðningu 1985-'86.

*Sjá blað merkt liður 3.

4. Námsvistargjöld. Nefndinni hefur borist bréf frá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum dags. 3. jan. '85. Þar óskar stjórnin álits skólanefndar F.S. á drögum að samkomulagi um námsvistargjöld milli S.S.S. og Reykjavíkurborgar. Er hér um að ræða ákvörðun námsvistargjalda vegna iðnnáms og náms í fjölbrautaskólum, sem nemendur stunda utan heimabyggðar. Skólanefnd lýsir sig fylgjandi þessum drögum og lýsir yfir vilja sínum varðandi upplýsingar og aðstoð S.S.S. til handa varðandi lausn málsins.

5. Önnur mál:

a) Skólanefnd hefur borist svo hljóðandi bókun frá fundi bæjarstjórnar Keflavíkur sem haldinn var þann 16. apríl s.l. þar sem fundargerð skólanefndar F.S. frá 26.03.'85 var til umræðu: "Samþykkt var með 9 samhljóða atkvæðum að vísa 3. lið til skólanefndar aftur til nánari umfjöllunar og vísa jafnframt til fyrri afgreiðslna á ferðastyrkjum".

Skólanefnd telur ekki ástæðu til frekari umfjöllunar varðandi þetta mál. Voru nefndarmenn allir sammála þar um.

b) Skólanefnd hefur borist bréf frá kennurum skólans, dags. 26. apríl '85, undirritað af Ægi Sigurðssyni, form. Kennarafélags F.S., og Magnúsi Ó. Ingvarssyni, trúnaðarmanni kennara. Í bréfinu kemur fram að launadeild ríkisins mun ekki greiða áætlaða kennslu 10.-15. maí eins og ráð hefði verið fyrir gert. Mál þetta snertir u.þ.b. 20 kennara. Fara kennararnir fram á að sveitarfélögin tryggi kennurum greiðslur fyrir þessa daga svo ekki þurfi að koma til styttingar kennslutímabilsins. Skólanefndin telur ekki rétt að blanda sveitarfélögunum inn í launadeilur kennara og ríkisins og vísar málinu því frá sér.

c) Aðstoðarskólameistari tilkynnti að Hrafnhildur Sumarliðadóttir, Lyngholti 8 í Keflavík hefði fært skólanum veglega bóka-gjöf fyrir skömmu.

d) Flugleiðir h/f hafa gefið kr. 100 þús. í tækjasjóð skólans skv. upplýsingum aðstoðarskólameistara.

LIDUR 3

Eftirtaldir kennarar hafa óskað eftir endurráðningu 1985-6:

Anna Lea Björnsdóttir (kemur úr árs leyfi)
Alda Jensdóttir
Björn L. Örvar
Borgþór Arngrímsson (1/2 staða)
Cynthia Farrell
Guðrún Erla Sigurðardóttir
Gunnar Bergmann
Gunnar Þórarinnsson
Helgi Eiríksson
Jón A. Valdimarsson
Kristinn Kristjánsson
Magnús Ó. Ingvarsson
Ósa Knútsdóttir (óskar eftir skipun)
Sumarrós Sigurðardóttir
Sigriður Bílddal (var í leyfi s.l. skólaár)
Stefán Ásgrímsson (1/2 staða)
Svanhildur Kjær (1/2 staða)
Unnur Þorsteinsdóttir
Gunnar M. Jónsson
Gísli Torfason

Skólanefnd samþykkir að mæla með endurráðningu þeirra eins
og ofan greinir.

Eftirtaldir kennarar láta af störfum:

1. Baldur Sigurðsson
 2. Helga Lára Guðmundsdóttir
 3. Hermann Alfreð Bjarnason (kom ekki aftur til starfa eftir 1. mars).
 4. Maja Löebell
 5. Ragnheiður Sæmundsdóttir
- Þá óskar Gizur Í. Helgason eftir launalausum leyfi næsta skólaár.
Skólanefnd samþykkti að veita það.

e) Bæklingur um tækni- og verksvið F.S. hefur verið gefinn út og dreift til allra grunnskólanema á Suðurnesjum. Í honum er að finna allar helstu upplýsingar varðandi þessi svið. Nemendur á fjölmiðlabraut F.S. sáu að mestu um útgáfuna.

f) Skólanefnd samþykkir að óska eftir heimild ráðuneytis til að ráða ritara í 1/2 stöðu til viðbótar fyrir næsta skólaár.

g) Skólanefnd samþykkir að óska eftir heimild til ráðningar bókavarðar í heila stöðu í stað hálftrar fyrir næsta skólaár, en skólinn á rétt á því, samkvæmt kvótareglum sem um þá stöðu gilda.


h) Samþykkt var að skólaslit verði sunnudaginn 9. maí kl. 14:00 í Útskálakirkju, ef hún verður ekki í notkun á þeim tíma.

i) Samþykkt var að fara fram á fjárveitingu til námskeiðahalds og stjórnunar á námskeiðum á næsta skólaári samtals 10 vikustundir í 2x18 vikur. Yrði hér um starfsnám fyrir fólk úr atvinnulífi að ræða.

j) Samþykkt var að F.S. standi fyrir tölvunámskeiði fyrir kennara skólans fyrir næsta skólaár. Hugvit s/f hefur lýst sig reiðubúið til að annast slíkt námskeið fyrir u.þ.b. 30 þús. kr.

k) Leiðsögumannanámsskeið, er veitir svæðisbundin réttindi til leiðsagnar, hófst í apríl á vegum F.S., Ferðamálasamtaka Suðurnesja, Félags leiðsögumanna og Ferðamálaráðs. Nemendur eru 21 talsins og lýkur prófum um miðjan maí. Þetta er fyrsta námskeið sinnar tegundar hérlandis en aðrir landsfjórðungar munu fylgja í kjölfarið.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 19:20



Hreinn Ásgrímsson,
fundaritari.